



19. desember 2017  
1712046

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 12. desember 2017 óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir um-  
sögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um fjárlög 2018, 1. mál.

Seðlabanki Íslands tekur ekki afstöðu til einstakra greina frumvarpsins heldur horfir  
fyrst og fremst til þess aðhaldsstigs í ríkisfjármálum sem felst í frumvarpinu en það  
er mælt með breytingu á frumjöfnuði sem leiðréttur hefur verið fyrir hagsveiflunni.


Í *Peningamála* 2017/4 sem gefin voru út 15. nóvember sl. lagði Seðlabankinn  
síðast mat á aðhaldsstig ríkisfjármála undanfarin ár og horfur á næstu árum. Það  
mat miðaðist við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2018 sem lagt var fram 12. september  
sl. Samkvæmt mati bankans var talið að aðhald ríkisfjármála myndi minnka um  
1,5% af vergri landsframleiðslu í ár, sem felur í sér töluverða slökun. Er það þriðja  
árið í röð sem aðhald ríkisfjármála slaknar og samtals nemur slökunin 2,9% af  
landsframleiðslu árin 2015 til 2017. Niðurstaða bankans í nóvember var að hluti af  
slökuninni í ár yrði tekinn til baka á næsta ári og að viðbótar aðhald yrði á árunum  
þar á eftir. Þannig myndi aðhald ríkisfjármála aukast um 1,3% af landsframleiðslu  
árið 2018 og um 0,5% til viðbótar á hvoru áruna 2019 og 2020.

Samkvæmt nýjum þjóðhagsreikningum eru horfur á að samneysla og fjárfesting  
hins opinbera vaxi nokkru meira í ár en gert var ráð fyrir í grunnspá *Peningamála*  
2017/4. Þótt þar séu sveitarfélög meðtalin gæti þetta ásamt horfum á meiri hagvexti  
verið vísbending um að slökun í ríkisfjármálum yrði meiri á þessu ári en gert var  
ráð fyrir í nóvember.

Á grundvelli fjárlagafrumvarpsins sem nú er til meðferðar er áætlað að aðhaldið á  
næsta ári verði um ½% af landsframleiðslu minna en gert var ráð fyrir í grunnspá  
*Peningamála* 2017/4 og að á árunum 2019 og 2020 verði um ½% og ¾% slökun á  
aðhaldsstiginu frá þeirri grunnspá. Aðhald eykst því töluvert minna á árinu 2018 en  
gert var ráð fyrir í nóvember, eða um ¾% af landsframleiðslu, og frekara aðhald  
verður ekki á árunum þar á eftir.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Rannveig Sigurðardóttir  
staðgengill aðaláhagfræðings

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 • 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 • NETFANG: [seðlabanki@seðlabanki.is](mailto:seðlabanki@seðlabanki.is) • BRÉFASÍMI: 569 9605